

Mánudaginn 26. janúar 1981.

Nr. 163/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóhannesi Friðrik Vestdal

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Ákærði viðurkenndi afdráttarlaust fyrir lögregluþjónum þeim, er stóðu að handtöku hans, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, er hann ók frá Hótel Loftleiðum að staðnum, þar sem hann var handtekinn. Hefði hann hætt akstri, er hann gerði sér ljóst, að hann væri ekki fær um að aka bifreið sökum ölvunarástands síns. Eftir handtökuna var hann fluttur á lögreglustöð. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra þar ítrekaði hann þá viðurkenningu sína, að hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af öðrum sakargögnum verður að byggja á þessum framburði ákærða, enda þykir ekki mark takandi á síðari afturköllun hans.

Að svo vöxnu máli þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem í ákæru er lýst.

Við ákvörðun refsingar ber að leggja til grundvallar viðurlög þau, sem greinir í 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi voru, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að öðru leyti er brot ákærða réttilega heimfært til refsiakvæða í hinum áfrýjaða dómi, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökualeyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talín saksóknarlaun í ríkissjóð 1.800.00 krónur (nýkr.) og málsvarnaraun skipaðs verjanda síns, 1.800.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Friðrik Vestdal, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.800.00 krónur, og málsvarnaraun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, 1.800.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 28. desember 1979.

Ár 1979, föstudaginn 28. desember, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er á skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1476/1978: Ákærvaldið gegn Jóhannesi Friðrik Vestdal.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Jóhannesi Friðrik Vestdal kennara, Breiðabólstað í Álftaneshreppi, fyrir að aka laugardaginn 20. maí 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 5506 frá Hótel Loftleiðum í Reykjavík norður Flugvallarveg að vöruskálum við slökkvistöðina. Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 19. mars 1937 í Reykjavík, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1956 12/10 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktar brot.

1956 16/10 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

- 1959 6/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1960 4/8 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1960 10/10 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 47., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1960 26/10 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 32. gr. umferðarlaga.
- 1963 12/12 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, svipting ökuleyfis í 1 ár fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
- 1965 31/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.
- 1965 28/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 18. og 38. gr. umferðarlaga.
- 1974 16/10 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 27. og 50. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17/1 1974.
- 1976 10/11 í Kjósarsýslu: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 20. maí 1978, kl. 0113, barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að bifreið hefði verið ekið frá Hótel Loftleiðum eftir Flugvallarvegi og lagt í porti milli bragga, sem næstir eru slökkvistöðinni, og væri ökumaður hennar líklega undir áhrifum áfengis. Þrír lögreglumenn fóru þegar á staðinn og hittu fyrir í portinu ákærða, þar sem hann stóð utan við bifreiðina G 5506, bláa Trabant bifreið, árgerð 1978. Hann var greinilega undir áhrifum áfengis og viðurkenndi fyrir lögreglumönnum að hafa ekið bifreiðinni frá Hótel Loftleiðum að portinu, en hann hætt akstrinum, er hann hafi gert sér ljóst, að hann væri ekki fær um að stjórna bifreið vegna ölvunarástands síns. Ákærði var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla, en þessu næst var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólákvörðunar.

Í varðstjóraskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að talsverður áfengisþefur var af andardrætti hans, andlitið þrútið, fatnaður snyrtilegur, í framkomu kurteis, en þrætugjarn, augu vot og dauf, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Ákærði lýsti atvikum hér fyrir dómi.

Hann hafði föstudagskvöldið 19. maí 1978 verið á Hótel Loftleiðum, en þangað kom hann um kl. 1900 í því skyni að hitta Þjóðverja, sem hann hafði kynnst fyrir 4 árum í öræfaferð, en þeir hringdu nú í hann og mæltu sér mót við hann þarna. Þeir voru ekki komnir, er hann kom, og fór hann þá á barinn og beið þeirra þar. Hann hafði fyrst keypt sér eitt glas af vermouth, gæti hafa verið tvöfaldur, og drukkið það, en eftir það einungis drukkið pilsner, meðan hann var á hótelinu, en hann fór þaðan nokkru eftir miðnætti. Hann hélt þá frá hótelinu á bifreið sinni, G 5506, og ók henni að bröggum rétt sunnan við Bílaleigu Loftleiða, þar sem hann lagði bifreiðinni. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur þennan. Hann hafði þarna ákveðið að fara í heimsókn til kunningja síns vestur í bæ, og ætlaði hann að geyma bifreiðina þarna. Hann kvaðst hafa verið með tvær áfengisflöskur í bifreiðinni, eina af ákavíti og aðra af whisky, og hafi þær verið í brúnum bréfpoka í aftursæti bifreiðarinnar. Hann teigði sig nú eftir ákavítisflöskunni og sturtaði í sig fjórðungi af innihaldi hennar á 10—12 mínútum, sem hann taldi hafa liðið þangað til lögreglan kom á staðinn.

Ákærða var bent á, að í varðstjóráskýrslu skýrði hann svo frá, að hann hefði ekki neytt áfengis að akstri loknum og að hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði svaraði því þá til, að þarna hefði hann átt við, að hann hefði ekki neytt áfengis, eftir að lögreglan kom. Þá hafi hann, er hann játaði áfengisáhrifum við aksturinn, átt við, að hann fyndi til áfengisáhrifa, þegar varðstjórinn spurði hann.

Ákærði sagði, að er hann hefði fengið bifreiðina afhenta hjá lögreglunni daginn eftir framangreint atvik, hafi vínið verið óhreyft í bifreiðinni, beint fyrir aftan bílstjórásætið í brúnum plastpoka.

Lögreglumennirnir Hákon Birgir Sigurjónsson, nr. 134, Haukhólum 6, Reykjavík, Hermann Guðmundsson, nr. 192, Norðurbrún 4, Reykjavík, og Guðmundur Guðveigsson, nr. 62, Rauðalæk 29, Reykjavík, hafa borið vætti fyrir dómi í máli þessu, og ber þeim saman um, að þeir hafi í greint sinn verið saman í lögreglubifreið á Snorrabraut við Hverfisgötu í Reykjavík, er borist hafi til þeirra um fjarskiptastöð lögreglunnar tilkynning um, að ölvaður maður æki þá bifreið frá Hótel Loftleiðum, og kvað vitnið Hákon tilkynninguna hafa komið frá leigubifreið, sem það taldi, að hefði ekið á eftir bifreið þeirri, sem grunur lék á, að

ölvaður maður æki. Vitnin kveða lögreglubifreiðinni hafa verið ekið á mikilli ferð og með viðvörunarmerkjum áleiðis að Hótel Loftleiðum, þar til þeir óku suður Flugvallarveg og komu að bröggum þeim, sem eru sunnan við slökkvistöðina. Þar á veginum hafði þá staðið leigubifreið og leigubílstjóri hennar bent þeim á bláa Trabant bifreið í sundi milli bragganna þarna. Lögreglubifreiðinni var þegar ekið að Trabant bifreiðinni, var þá ákærði aftan við bifreiðina að kasta af sér vatni. Hann var greinilega undir áhrifum áfengis. Vél bifreiðarinnar var heit eða volg, og hafði ákærði þarna viðurkennt að hafa ekið henni frá Hótel Loftleiðum. Ekki minntust lögreglumennirnir þess, að ákærði hefði haldið því fram, að hann hefði neytt áfengis að akstri loknum. Vitnin Hermann Guðmundsson og Guðmundur Guðveigsson kváðu engin merki hafa verið um, að áfengisneysla hefði átt sér stað í bifreiðinni, og hefði verið gerð sérstök leit í og við bifreið ákærða að áfengi, en ekkert fundist. Hann hefði heldur ekki verið með áfengi á sér. Vitnin kváðu örstutta stund hafa liðið, frá því að þeim var tilkynnt um meintan ölvunarakstur og þar til þeir komu að bröggunum, eða 1—3 mínútur. Þeir kváðu leigubifreiðinni hafa verið ekið af staðnum, fljótlega eftir að þeir komu á staðinn, og vissu þeir ekki, hvaða skráningarnúmer hún bar eða hver hefði verið ökumaður hennar, en þetta var ætlunin að kannað yrði, eftir að ákærði hafði verið handtekinn.

Vitnið Hákon Birgir Sigurjónsson kvaðst hafa ekið bifreið ákærða að lögreglustöðinni og þar gert, svo sem venja hans er í þessum tilvikum, leit að áfengi í bifreiðinni, en ekkert fundið.

Ekki hefur við síðari könnun upplýst, hver leigubifreiðarstjórinn var.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða, mældust við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 1.54% alkóhóls.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum máls þessa er ljóst, að ákærði ók bifreið sinni, G 5506, í framangreint sinn eftir neyslu áfengis fyrr um kvöldið frá Hótel Loftleiðum eftir Flugvallarvegi, þar til hann stöðvaði bifreiðina við bragga sunnan slökkvistöðvar Reykjavíkur.

Hins vegar hefur hann haldið því fram, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ölvunarástand hans, er hann var handtekinn, stafi af áfengisneyslu hans, eftir að akstri lauk.

Þegar virt er, hversu lítill tími liður, frá því að tilkynnt var um akstur ákærða, þar til lögreglumenn komu á staðinn, sem gefur lítið sem ekkert svigrúm til áfengisneyslu, og hins, að 3

lögreglumenn leita sérstaklega í bifreið ákærða að áfengi án þess að finna nokkuð, en hjá því hefði ekki getað farið við slíka leit, að þeir hefðu fundið 2 flöskur í bréfpoka, sem ekki höfðu verið faldar sérstaklega, verður að telja fullyrðingu ákærða fyrirslátt einan, einkum ber að hafa í huga, að hann er óstöðugur í fram-
burði sínum um þetta efni, og svo að fram kemur, að tilkynnt hafi verið um akstur ákærða af leigubifreiðarstjóra, sem þá ekur á eftir honum.

Með skýrslu lögreglunnar, vætti vitna og niðurstöðum alkóhól-
ákvörðunar er komin lögfull sönnun um, að ákærði var undir áhrifum áfengis við framangreindan akstur, og hefur hann með þessu atferli gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin
að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði var með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16.
okt. 1975 (sic), gert að sæta varðhaldi í 10 daga og var sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Dómur þessi hefur ítrekunaráhrif í máli þessu.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, hæfi-
lega ákveðin 150.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varð-
hald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga
ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Friðrik Vestdal, greiði í sekt til ríkis-
sjóðs kr. 150.000, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar,
verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dómsins að telja sviptur ökuleyfi
ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.